

ÁKÆRA

RÍKISSAKSÓKNARI

gjörir kunnugt:

Að höfða ber sakamál fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur á hendur

Gísla Frey Valdórssyni, kennitala 100680-4169,
Flétturima 23, Reykjavík,

fyrir brot gegn þagnarskyldu í starfi sínu sem aðstoðarmaður innanríkisráðherra, með því að hafa, á tímabilinu frá þriðjudeginum 19. nóvember 2013 til miðvikudagsins 20. nóvember 2013, í Reykjavík, látið óviðkomandi í té efni samantektar er bar yfirskriftina „Minnisblað varðandi Tony Omos“. Samantektin var unnin af starfsmönnum innanríkisráðuneytisins 19. nóvember til upplýsingar fyrir innanríkisráðherra í tilefni af boðuðum mótællum við innanríkisráðuneytið 20. nóvember vegna brottvísunar hælisleitandans Tony Omos á grundvelli úrskurðurðar ráðuneytisins frá 9. september 2013. Með úrskurðinum var staðfest ákvörðun Útlendingastofnunar um að taka ekki til efnismeðferðar beiðni Tony Omos um hæli á Íslandi og að hann skyldi endursendur til Sviss. Í samantektinni var að finna viðkvæmar persónuupplýsingar og upplýsingar um einkamálefni þriggja einstaklinga sem leynt áttu að fara, en þar var því meðal annars lýst að Tony Omos hefði stöðu grunaðs manns í tveimur umfangsmiklum sakamálum, að í hælismáli Evelyn Glory Joseph sem ætti von á barni, hugsanlega með Tony Omos, sé því borið við að hún sé mansalsfórnlamb og að Tony Omos sé í sambandi við íslenska stúlku sem nafngreind var í minnisblaðinu. Þessar upplýsingar, sem voru til þess fallnar að hafa áhrif á umfjöllun um málefni Tony Omos sem hælisleitanda, birtust í Fréttablaðinu og á netmiðlunum visir.is og mbl.is að morgni 20. nóvember 2013.

Telst þetta varða við 1. mgr. 136. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Skrifstofu ríkissaksóknara, Reykjavík 15. ágúst 2014

Helgi Magnús Gunnarsson
vararíkissaksóknari